

1871.

31. ágúst.

hvernig á stendur, en að öðru leyti búumst vèr við, að póstgufu-
skipið nú þegar komi við á Vestmannaeyjum á sumarferðum sínum
bæði á leiðinni til Íslands og hingað aptur.

Um úrskurð þann, sem fjárhagsstjórnin leggur á þetta, væntum
vèr að fá vitneskju.

**83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stipsyfirvaldanna á
Íslandi, um sending á fornbréfasafni Norðmanna
(Diplomatium Norvegicum).**

1. septbr.

Meðfylgjandi exemplar af VIII. bindis 1. parti af *Diploma-
tarium Norvegicum*, sem hin konunglega kirkju- og kennslu-
stjórn í Norvegi hefir sent hingað, sendum vèr yður með þessu
bréfi, samkvæmt beiðni tæðrar stjórnardeildar, handa stiptsbóka-
safninu í Reykjavík.

**84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um ráðstafanir útaf skipaströndum við
Ísland, þegar útlendir eiga í hlut.¹**

14. septbr.

Eptir að vèr höfðum fengið álit allra amtmannanna á Íslandi
um uppástungu hins frakkneska sendiherra hér í landi um það,
að það verði lagt hlutaðeigandi yfirvöldum á Íslandi fyrir, að senda
tafarlaust og beina leið annaðhvort hinum frakkneska verzlunar-
fulltrúa í Reykjavík eða verzlunarfulltrúanum í Helsingjaeyri öll skjöl,
sem snerta slys eða strönd frakkneskra skipa við Ísland, hefir dóms-
málastjórninni fundizt vera ástæða til, að fara eptir ósk þessari, en jafn-
framt höfum vèr álitid, að bezt eigi við, að það, sem skipað verður

¹) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað á sömu leið.

1871.
14. septbr.

fyrir í þessu efni, einnig nái til annarra skipa, sem verða fyrir slíkum óhöppum. Útaf þessu mælumst vör til, að þér, herra stiptamtmaður, bjóðið öllum sýslumönnum í því amti, sem þér eruð settur yfir, að semja þegar í stað reikning um strönd þau, sem verða í þeirra umdæmum, jafnskjótt og búið er að halda uppboð á því, sem bjargað er, og tafarlaust, án þess að bíða eftir, að andvirði þess, sem seldist á uppboðsþinginu, sé heimt saman, senda amtmani nefndan reikning tvíritaðan til endurskoðunar og úrskurðar, og skulu honum fylgja eptirrit af uppboðsbókinni, prófi því, sem haldið hefir verið um strandið, af bókinni, sem allt það er ritað í, er snertir strandið og bjargir á strönduðu gózi, og að endingu skipaskjöl þau, sem bjargað hefir verið og önnur þess háttar skjöl. Amtmaður skal síðan leggja úrskurð sinn á strandreikninginn, og tafarlaust senda hann beint til hlutaðeiganda verzlunarfulltrúa, ef skipið er frá einhverju því ríki, sem hefir verzlunarfulltrúa á Íslandi, eða útgjörðarmanni skipsins, ef hann á heima á Íslandi eða í Danmörk, en að öðrum kosti skal senda dómsmálastjórninni reikninginn ásamt með öllum skjölum, sem snerta strandið og sem talin eru að framan, og skal jafnframt sagt frá, hvenær búast megi við að amtið geti sent andvirði þess, sem selt er af strandinu, að frádregnum kostnaðinum; skal amtmaður taka til, á hve löngum fresti sýslumaður skal vera búinn að afgreiða reikninginn, og má til þessa veita honum fjöggra vikna frest, eptir að andvirði þess, sem seldist við uppboðið, kemur í gjalddaga, og skal amtmaður sjá um, að eigi verði brugðið útaf þessu.

Í sambandi við þetta gefst yður til vitundar, að vör höfum skrifað utanríkisstjórninni,¹⁾ að vör væntum, að bæði frakkneska

¹⁾ Þetta bréf, sem einnig er dagsett 17. septbr., er svo látandi:

„Eptir að vör höfum meðtekið bréf utanríkisstjórnarinnar 16. f. m., höfum vör í dag skrifað amtmönnum á Íslandi bréf, sem er samhljóða eptirriti því, sem með fylgir. Um leið og vör tilkynnum utanríkisstjórninni þetta, skal því við bætt, að dómsmálastjórnin væntir, að takast muni fyrir tilstilli utanríkisstjórnarinnar að koma því til leiðar, að hlutaðeigandi útlenðar stjórnir láti það eptir, sem vör höfum æskt í bréfi voru 12. júlí þ. á., og leggi

stjórnin og önnur ríki, sem hafa verzlunarfulltrúa á Íslandi, bjóði þeim, að borga hlutaðeiganda amtmanni á 4—6 mánaða fresti það, sem kostnaður við skipaströnd samkvæmt þeim reikningi, sem sýslumaður semur og amtmaður úrskurðar, er meiri en virði þess, sem bjargað verður.

1871.

14. septbr.

85. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um reikninga frá landfógeta.

14. septbr.

Þar sem landfógeti til þessa hefir samið og sent hingað reikninga með skilríkjum fyrir hvert ár frá 1. apríl til 31. marz um það, sem borgað hefir verið úr jarðabókarsjóði Íslands:

1. Þann hluta af ríkisskuldunum, sem leiga er goldin af og borgað er af á Íslandi,

2. eptirlaun fyrir hönd ríkissjóðsins,

3. eptirlaun fyrir hinn almenna ekkjusjóð,

4. eptirlaun fyrir lífsfjár- og framfærslustofnunina,

5. styrktarfé úr sjóði dannebrogsmanna, og

6. styrktarfé af hinni fyrverandi stjórnardeild fyrir aukagjöfum konungs,

mælumst vèr til, eptir tilmælum fjárhagsstjórnarinnar, að þèr, herra kansallíråd, eptirleiðis búid til þessa reikninga fyrir hvert missiri frá 1. apríl til 30. septbr. og frá 1. oktbr. til 31. marz, og sendið þá hingað, og skal þetta gjört fyrsta skipti fyrir það missiri, sem er á enda 30. p. m.

verzlunarfulltrúum sínum á Íslandi fyrir, að endurgjalda bjargkostnað að því leyti, sem hann nemur meiru, en þess virði, sem bjargazt hefir.